

1856.

27. júní.

17. Úr bréfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns- ins á Íslandi um sölu áfengra drykkja.

- - - Um leið hafi þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá því, að í Reykjavík seli þeir, sem ekki eiga með það, brennivín og aðra drykki í staupum, einkum verzlunarmenn í búðum, og hafið þér útaf þessu stungið uppá, að lögreglustjórnin gefi út opið bréf um að sala áfengra drykkja, til að drekka þar í stað, einungis megi við gángast hjá þeim, sem til þessa hafa fengið leyfisbréf amtmanns, en að þvílík sala með öllu sé bönnuð í búðum verzlunarmanna.

Þar nú aðferð sú, sem hér ræðir um, er beinlínis gagnstæð tilskipun 13. júní 1787 2. gr. nr. 2, og þar álíta má, að ástæður þær, sem voru til þess, að ákvörðun þessi ekki hefri verið haldin í gildi, nú sé fallnar burtu, þaræð nú, eins og herra stiptamtmaðurinn skýrir frá, er búið að byggja gestaherbergi og veitíngahús í Reykjavík, hvar bæði ferðamenn og aðrir geta fengið nægar veitíngar, og þaræð loks hinar sèrstöku reglur í kansellíbréfi 5. janúar 1788 einungis eru gefnar fyrir hina dönsku kaupstaði, en geta ekki haft stað á Íslandi, er ekkert á móti því, að ofanefnd ákvörðun í tilskipun 13. júní 1787 eptirleiðis verði gjörð gildandi fyrir Reykjavíkur kaupstað, og að yfirvöld bæjarins auglýsi það, og er því herra stiptamtmaðurinn beðinn um að sjá fyrir því sem í þessu þykir við þurfa.

7. júlí.

18. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sèu undan þegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á.

Hérmeð gefst til vitundar, að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, eru með allrahæstum úrskurði

29. f. m. undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

1856.

7. júlí.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur- umdæmunum um lækningar „homöopatha“.

19. júlí.

Með bréfi 11. f. m. hefir herra amtmaðurinn sent hingað eptirrit af tveim bréfum frá landlækni, Dr. Hjaltalín, þar sem hann kvartar yfir því, að homöopathar fást við lækningar í tæðu umdæmi, og hefir hann einkum heimtað, að draga mætti skottalækna þá, sem fást við lækniðferð homöopatha, fyrir lög og dóm fyrir heimildarlausar lækningar þeirra og meðala sölu, og að öll meðöl homöopatha, sem finnast á norðurlandi, yrði gjörð upptæk, en þær hafið beðið dómsmálastjórnina að segja fyrir, hvernig að eigi að fara í þessu efni.

Í tilefni af þessu læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá, að þaræð ekki hefir verið tekið til nokkurt það víst tilfelli, að lækningar homöopatha hafi haft skaðlegar afleiðingar eða að nokkurs manns lífi og heilsu af þeim hafi verið hætta búin, álltur stjórnin ekki, eptir því sem ástatt er, að amtið hafi haft nægar ástæður til að skipa að höfða mál móti hlutaðeigendum, og ekki er heldur ástæða til að gjöra upptæk meðöl þau, sem þeir kynni að hafa meðferðis, nema áður sè þau rannsökuð. Þaræð samt sem áður menn þeir, sem hær ræðir um, hvorki hafa vit á lækna störfum nè rétt til að gegna þeim, mun efflaust næg ástæða til þess, að svo miklu leyti unnt er, að hafa gætur á lækningum þeirra, og að sjá um að meðöl þau, sem þeir brúka, verði skoðuð, og þessvegna hefi eg með bréfi í dag skipað landlækni Hjaltalín, að hann annaðhvort sjálfur, ef honum gefst tækifæri til þess, fari norður til að skoða meðöl þessi, eða þá láti hlutaðeigandi héraðslækna gjöra það.